

Breiðdalshreppur  
B.t. Hákon Hansson  
Selnesi 25  
760 Breiðdalsvík

Hella 14. desember 2018  
UST201805-180/J.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Breiðdalshrepps 2018 - 2030 - vegir í náttúru Íslands**

Vísað er til erindis formanns skipulagsnefndar Breiðdalshrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Breiðdalshrepps 2018 – 2030.

Beðist er velvirðingar á hversu mjög hefur dregist að svara erindinu.

#### **Náttúruvernd**

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagi að engin svæði eða vistkerfi í Breiðdalshrepp séu friðlýst. Eitt svæði sé á náttúruminjaskrá undir flokknum aðrar náttúruminjar (C-hluti náttúruminjaskrár).

Umhverfisstofnun bendir á að skilgreind hafa verið svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þá 81 tegund fugla sem eru varpfuglar eða reglulegir gestir hér á landi. Alls er 121 svæði á Íslandi sem telst alþjóðlega mikilvægt fyrir fugla. Eitt þessara svæða er Eyjar eða Breiðdalseyjar við sunnanverða Breiðdalsvík, en þar er lundabyggð (10.500 pör) og einnig verulegt æðarvarp. Svæðið telst vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð. Samkvæmt válista Náttúrufræðistofnunar 2018 er lundinn skilgreindur sem tegund í bráðri hættu (CR).

#### **Skógræktarsvæði**

Fram kemur í tillögu að aðalskipulagi að skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir skóg- og skjólbeltarækt sem nýrri atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Slík skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti en skulu vera í samræmi við verndarákvæði aðalskipulagsins.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vernda jarðmyndanir og vistkerfi og bendir á að í Stefnumótun stjórnvalda til ársins 2020, Velferð til framtíðar, í kafla 7 um vernd lífríkis Íslands, er fjallað um þau markmið sem Ísland hefur sett sér varðandi það að fjölbreytileika tegunda og vistgerða verði viðhaldið og forðast verði eins og kostur er að

skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að viðhalda þeim vistkerfum sem eru á Íslandi og að þau fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á gæði og staðsetningu skóga, í sátt við aðra umhverfisvernd. Stofnunin telur því að huga þurfi vel að samspili skóga og jarðmyndana sér í lagi á svæðum á náttúruminjaskrá þar sem verndargildi er m.a. jarðminjar.

Umhverfisstofnun bendir á að í XII. kafla í 70. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir að við skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að skógrækt ætti ekki að skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum og berjalöndum og ekki raska náttúruvirkjum sem njóta sérstakrar verndar s.k. X.kafla, 61.gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, þ.e.: votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, ásamt birkiskógum sem eru sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir.

Að auki bendir Umhverfisstofnun á að öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.


### **Vegakerfi utan þéttbýlis**


Fram kemur í tillögu að aðalskipulagi að aðrir vegir, sem sýndir eru á skipulagsuppdrætti eru ekki háðir ákvæðum aðalskipulags og eru sýndir til skýringar. Vegslóðar hafa verið kortlagðir eftir því sem efni stóðu til í samræmi við ákvæði 32. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Vegslóðar eru ekki ætlaðir almennri umferð og eru helst nýttir af bændum vegna landnytja og beitar. Vegagerðin mun halda vegaskrá í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga og verða aðrir vegir og slóðar skilgreindir þar nánar.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir vegna lagninga vegslóða eru mögulega háðar útgáfu framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, ef framkvæmdin felur í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Umhverfisstofnun bendir á að vegir sem ekki eru ætlaði almennri umferð s.b. vegslóðar vegna búrekstrar verði skilgreindir á þann veg að ljóst sé að almenn umferð um þá sé óheimil.

Virðingarfyllst

  
Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur